

## Úttektaáætlun 2019

Úttektaáætlun 2019 byggir á Landsbundinni úttektaráætlun til margra ára (LÚMA 2019-2023) og gerir ráð fyrir tveimur úttektum. Í ársáætlun eru innri úttektirnar nánar útfærðar þar sem umfang þeirra og fyrirkomulag er skipulagt. Í þessari ársáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að fyrri úttektin feli í sér vettvangsúttekt en sú síðari felur eingöngu í sér skrifstofuúttekt.

## Úttektir og úttektaþegar

<b>Úttekt 2019-01</b>	<b>Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni</b>
Úttektaþegi:	HES - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Úttektarmarkmið:	Að skera úr um hvort verklag við skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
Umfang úttektar:	Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), reglugerð 536/2001 (tilskipun 98/83/EB), oög um matvæli nr. 93/1995. Úttektin nær til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
<b>Úttekt 2019-02</b>	<b>Eftirlit með kúariðu, þ.m.t. söfnun sýna. Eingöngu skrifstofuúttekt.</b>
Úttektaþegi:	Matvælastofnun – Svið Dýraheilsu og allar umdæmisstofur.
Úttektarmarkmið:	Að skera úr um hvort eftirlit með kúariðu, þ.m.t. söfnun sýna sem hluti af slíku eftirliti, sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
Umfang:	Eftirlit með kúariðu, þ.m.t. söfnun sýna sem hluti af slíku eftirliti, Reglugerð nr. 41/2012 um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnnunar, reglugerð nr. 217/2012 um framkvæmd reglugerðar EB nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki og tiltekna undanþágur, reglugerð nr. 371/2013 um framkvæmd reglugerðar EB nr. 999/2001 er varðar samþykkt breyttrar landsáætlunar, reglugerð til innleiðingar á ákvörðun EB nr. 2009/719 um heimild til tiltekinna ríkja (þ.m.t.. Íslands) til að breyta árlegri sýnatökuáætlun vegna vöktunar á kúariðu, með síðari breytingum. Skrifstofuúttekt sem nær til Dýraheilsu og allra umdæma.


## Úttektaaðili

Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.

Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skilgreinir endanlegt umfang úttektar og úttektarviðmið og skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektarþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt. Endanleg dagskrá úttektar skal liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir áætlaða úttekt. Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ISO 19011:2011 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í ákvörðun nr. 2006/677/EC.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Tímarammi úttekta.

Úttekt	Úttektarþegar	September	Október	Nóvember	Desember
2019-01	Heilbrigðiseftirlit Sveitarfélaga - Suðurland		Öflun gagna - Úttektar-skipulag sent með minnst mánaðar fyrirvara	Framkvæmd úttektar	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð
Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni					
2019-02	Matvælastofnun - Dýraheilsa		Öflun gagna - Úttektar-skipulag sent með minnst mánaðar fyrirvara	Framkvæmd úttektar	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð
Eftirlit með kúariðu					

Tímasetningar úttekta gætu breyst og verða ákveðnar endanlega í samráði við úttektaþega.

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar, 29. október 2018



Jón Gíslason, forstjóri

Samþykkt í Úttektanefnd, dags. 26. mars 2019

Linda Fanney Valgeirsdóttir, formaður